

ERINDISBRÉF

fyrir Framkvæmda- og veitunefnd Þingeyjarsveitar.

Stjórnskipuleg staða.

Framkvæmda- og veitunefnd sveitarfélagsins var kosinn á 59.fundi sveitarstjórnar Þingeyjarsveitar þann 22. maí 2025 og heyrir undir sveitarstjórn. Nefndin er skipuð á grundvelli 1. mgr. 39. gr. sveitarstjórnarlaga og er ráðgefandi fyrir sveitarstjórn. Í nefndinni sitja þrír fulltrúar, skipaðir af sveitarstjórn. Þeir eru: Jóna Björg Hlöðversdóttir, Knútur Emil Jónasson og Haraldur Bóasson.

Nefndin kys sér formann á fyrsta fundi. Nefndin skal rita fundargerðir sem lagðar eru fyrir sveitarstjórn.

Nefndinni er heimilt að kalla til sín hvern þann sem tengist málum sem fjallað er um. Sviðsstjóri umhverfis- og framkvæmdasviðs starfar með nefndinni og ritar fundargerðir nefndarinnar. Umsjónarmaður fasteigna situr einnig fundi nefndarinnar.

Um boðun funda, ritun fundargerða og réttindi og skyldur nefndarmanna gilda ákvæði samþykktar um stjórn og fundarsköp Þingeyjarsveitar.

Nefndin skal starfa til loka kjörtímabils í maí 2026. Á þeim tíma er nefndinni heimilt að funda einu sinni í mánuði. Leita þarf heimilda sveitarstjórnar ef halda þarf fleiri fundi en tilgreindir eru á þessu tímabili. Nefndinni er ekki heimilt að stofna til útgjalda án heimildar sveitarstjórnar.

Hlutverk nefndarinnar er:

- Að vera sveitarstjórn ráðgefandi um atriði er varða stefnumörkun um uppbyggingu, rekstur, viðhald og nýtingu eigna sveitarfélagsins.
- Að vera sveitarstjórn til ráðgjafar um áætlanagerð vegna uppbyggingar, viðhalds og nýtingar mannvirkja í eigu sveitarfélagsins svo og fjárfestingum í mannvirkjum og búnaði þeim tengdum.
- Að vera sveitarstjórn til ráðgjafar um öll veitumál m.a. varðandi nýframkvæmdir, viðhald og búnað hitaveitu, vatnsveitu, fráveitu og ljósleiðara.

Samþykkt af sveitarstjórn Þingeyjarsveitar 22. maí 2025


Ragnheiður Jóna Ingimarsdóttir sveitarstjóri
Sveitarstjóri
Þingeyjarsveita